

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar

Kennarar: Hildur Hallkelsdóttir

Tímafjöldi: 120 mín. á viku (2 x 60 mín.)



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn: Náttúrulega 3 auk efnis af netinu.

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Vinnulag náttúruvísinda	- Beitir algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum. - Kynnir niðurstöður rannsókna, útskýrir hvaða vinnubrögðum var beitt og tekur þátt í umræðum um efnið. - Ræðir valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu. - Les náttúruvísindatexta sér til gagns og endursegir með eigin orðum, túlkar myndrit og skoðar myndefni um náttúrufræði, umorðar og nýtir til útskýringa. - Þekkir ferli vísindalegra vinnubragða og vinnur eftir þeim í stýrðum verkefnum. - Framkvæmir, skráir og safnar upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum. - Ræðir muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi.	Einstaklingsverkefni, hópastarf, töflukennsla, umræður, sköpun, verklegar athuganir, sýndartilraunir, skýrslugerð, hugtakakort, myndbönd og margt fleira.	Leitast verður við að nota leiðsagnarmat. Nemendur safna skriflegum verkefnum saman í eigin verkefnamöppu (portifolio) sem verður metin af kennara. Vinnubókin Náttúrulega 3 verður metin. Kennari safnar saman verkefnum nemenda sem unnin eru með snjalltækjum og metur þau. Fjölbreytt verkefni verða lögð fyrir, t.d. skrifleg munnleg og verkleg. Einnig verða lögð fyrir stutt próf og tímaverkefni auk þess sem

			þátttaka í umræðum verður metin. Lögð verður áhersla á að nemendur geti sýnt fram á þekkingu sína á fjölbreyttan hátt og geti haft áhrif á hvernig eða hverskonar verkefnum þeir vilja skila til að staðfesta þekkingu sína. Frammistaða nemenda verður færð inn á hæfnikort þeirra sem birt er á Mentor. Til þess að ná tilskilinni hæfni þurfa nemendur að fá að lágmarki B fyrir hvert hæfniviðmið sem fylgir verkefni. ATH að fleiri en eitt hæfniviðmið geta fylgt hverju verkefni og geta nemendur því fengið mismunandi einkunn í hvert hæfniviðmið sem tengt er við verkefnið.
Umhverfið	- Lýsir samspili lífvera og lífvana þátta. - Ræðir um og skilur ástæður náttúruverndar. - Áttar sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir án þess að ganga um of á þær. - Lýsir mismunandi vistkerfum og nefnir dæmi um áhrif sem nýjar tegundir geta haft á umhverfi sitt. - Ræðir valin dæmi um tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á heimsvísu.		

	• Áttar sig á gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengslum við velferð manna og dýra. • Útskýrir gróðurhúsaáhrif og tengsl við loftslagsbreytingar. • Getur skipulagt og tekið þátt í aðgerðum sem varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi sínu.		
Lífið	• Lýsir reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi. • Áttar sig á að frumur eru grunneining lífs á jörðinni. • Segir frá hvernig plöntur nýta ljóstillífun til að afla næringar. • Útskýrir helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekur dæmi um tengsl þeirra innbyrðis. • Nefnir dæmi um náttúruval og aðlögun. • Segir frá einkennum helstu hópa dýra.		
Efnin	• Útskýrir að allt er búið til úr frumeindum og sameindum. • Þekkir algengar formúlur efnasambanda sem birtast í daglegu lífi. • Þekkir muninn á sýru og basa. • Nefnir dæmi um varðveislu massa og tengt við hversdagslega atburði. • Gerir grein fyrir efnabreytingum og hamskiptum og útskýrir með dæmum. • Notar algeng efnatákn í umfjöllun um lotukerfið og efni í umhverfi sínu. • Fjallar um hugtakið leysni og tengt við athafnir í daglegu lífi.		
Orkan	• Lýsir helstu orkuformum og einföldum dæmum um varðveislu orkunnar. • Lýsir eiginleikum segla og notkun þeirra og kannar eiginleika rafhlaðinna hluta. • Ræðir dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi. • Framkvæmir einfaldar athuganir á rafrásum og útskýrir hvernig rafmagn verður til. • Sýnir skilning á hugtökunum varmi og hitastig og tengir þau við daglegt líf.		

	Áttar sig á muninum á massa og rúmmáli og helstu mælieiningum þessara eiginleika.		
--	---	--	--